

Verkunum á sýningunni er skipt í þrjá flokka:

- ▶ Manneskjur/fólk,
- ▶ Ímyndunarafl
- ▶ Dýr

Börnin fengu bunka af spjöldum og á hverju þeirra var ábending og/eða spurning varðandi verk í ákveðnum flokki og foreldrar fengu samsvarandi spjöld með upplýsingum sem leiddu til umræðna um verkin, efni, efnistöð og túlkun. Sum verkanna mátti snerta og fylgdu hanskar með til þess. AlmaDís Kristjánsdóttir vann barnaefnið.

Dæmi um spjöld í flokki mannamynda:

Barnaspjald:

a) Hvað getur þú fundið margar andlitsmyndir af fólki á sýningunni?

b) Hvernig eru þær líkar eða ólíkar?  
Eru þær allar búnar til úr sama efni?

c) Getur þú séð hvernig fólkinu líður í myndunum?

*Vissir þú að orðið portrett er stundum notað um svona myndir en það er tekið úr ensku (portrait) og er notað um ljósmyndir, teikningar, málvert og styttur sem sýna höfuð, háls og stundum axlir, jafnvel handleggir og hendur.*

Fullorðinsspjald:

a) Það eru þrjár andlitsmyndir á sýningunni:

*Sigrún Magnúsdóttir (1930) leikkona (á bls. 8) í bókinni *Ævi og list* / getur þú séð mynd af Sigurjóni, styttunni og leikkonunni  
*Móðir mín (1938)* móðir Sigurjóns sem hét Guðrún Gísladóttir (oft talað um hana sem tákn íslenskra alþýðukvenna)  
*Kroppinbakur (1934)* (annað orð yfir kryppling – nánari deili á fyrirsætunni ókunn. Hér er hægt að ræða um það að vera öðruvísi)*

b) Hægt er að bera saman ólíka áferð myndanna og inntak: Slétt / hrjúft • ungur / gamall • yfirborðslýsing / persónulýsing

c) Spjallaðu um líðan útfrá því sem þið sjáið í verkunum – leyfðu krökkunum að „lesa“ sjálfum út úr listaverkunum